

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulaginu Norðurgarður í Grundarfjarðarbæ.

Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar samþykkti 11. október 2007 breytingu á deiliskipulaginu Norðurgarður. Deiliskipulagsbreytingin felur í sér að lóðirnar B, C, D og E verði skilgreindar sem sjálfstæðar lóðir í stað metralóða. Samanlögð stærð lóða og ytri mörk eru óbreytt en mörkin milli þeirra breytast. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og öðlast þegar gildi.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Grundarfjarðarbæjar, 26. nóvember 2007.

Hjörtur Hans Kolsöe.

B-deild – Útgáfud.: 10. desember 2007